



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2025-017U009**

Dagsetning: **1. apríl 2025**

Staðsetning: **Reykjanesbraut við Breiðholtsbraut**

Atvik: **Ekið á gangandi vegfaranda**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 1. apríl 2025 var gangandi vegfarandi á leið yfir Reykjanesbraut norðan gatnamóta Breiðholtsbrautar/Nýbýlavegar. Á sama tíma var Nissan fólksbifreið ekið norðaustur Reykjanesbraut. Nissan bifreiðinni var ekið á gangandi vegfarandann á vinstri akrein um 65 metrum norðan gatnamótanna. Vegfarandinn lést í slysinu.

1. Helstu staðreyndir

1.1 Staðsetning



Mynd 1. Slysið varð á Reykjanesbraut skammt norðan við gatnamót Breiðholtsbrautar / Nýbýlavegar.

1.2 Helstu upplýsingar

Látinn:

49 ára karl.

Veður og birta:

Hiti um 6°C, hægviðri, skýjað, bjart og þurrt.

Vegur:

Bundið slitlag (malbik) og þurr vegur. Hámarkshraði 80 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring (ÁDU) var 70.000 ökutæki árið 2024.

Tími sólarhrings:

Tilkynnt klukkan 14:42.


Ökutæki:

Nissan Pathfinder, fólksbifreið, nýskráð árið 2013.

1.3 Atvikalýsing

Gangandi vegfarandi var á leið meðfram Breiðholtsbraut til vesturs og kominn áleiðis að Reykjanesbraut skammt norðan við vegamótabrú yfir Reykjanesbraut. Vegfarandinn byrjaði að fara yfir Reykjanesbraut en á þeim stað var engin gönguleið yfir akbrautirnar. Á sama tíma var Nissan fólksbifreið ekið norðaustur Reykjanesbraut. Nissan bifreiðinni var ekið á vinstri akrein og á gangandi vegfarandann sem var á leið þvert yfir akbrautina (mynd 2). Engin hemlaför voru eftir bifreiðina.

Slysið var tilkynnt til lögreglu kl. 14:42. Fjarskiptamiðstöð lögreglunnar tilkynnti Rannsóknarnefnd samgönguslysa um slysið kl. 14:57.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af slysstað.

1.4 Áverkar

Gangandi vegfarandinn lést af völdum fjöláverka. Ökumaður bifreiðarinnar slasaðist ekki.

1.5 Ökutækið

Nissan Pathfinder fólksbifreið

Nissan bifreiðin var fimm dyra, díselknúin. Nýskráning var í júní 2013. Bifreiðin átti næstu aðalskoðun í júlí 2025 og var með gilda skoðun þegar slysið átti sér stað. Eigin þyngd bifreiðarinnar var 2193 kg og leyfð heildarþyngd var 2880 kg. Breidd bifreiðarinnar var 1,85 metrar og lengd 4,81 metri. Bifreiðin var á vetrarhjólbörðum.

1.6 Ökuhraði

Vegna aldurs Nissan bifreiðarinnar var ekki hægt að sækja upplýsingar úr tölvu hennar um ökuhraða.

1.7 Vegur og umhverfi

Reykjanesbraut þar sem slysið varð var með tvær akreinar í hvora átt. Hámarkshraði á veginum var 80 km/klst.

Á umferðareyju á milli akbrauta var vegrið milli akbrauta. Austan Reykjanesbrautar var einnig vegrið við frárein umferðar af vegamótabrúnni.

Heildarbreidd slitlags á milli kantsteina á akbraut til norðurs var 7,8 metrar. Hægri akrein var 3,8 metrar á breidd og vinstri akrein var 4,0 metrar. Vegurinn var þurr, hiti var um 6°C og vindur var hægur.

1.8 Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanninum var neikvæð en niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar á gangandi vegfarandanum greindi áfengi í blóði hans.

2. Greining

2.1 Ekið á gangandi

Ökumaður Nissan bifreiðarinnar kvaðst hafa verið á leið norður Reykjanesbraut. Hann var nýbúinn að aka undir brúna á vinstri akrein við gatnamót Breiðholtsbrautar/Nýbýlavegar þegar hann varð var við gangandi vegfaranda í vegkantinum austan við Reykjanesbraut. Hann hafi hægt á bifreiðinni þegar hann sá manninn sem þá hafi skyndilega hlaupið út á akbrautina. Hann taldi að vegfarandinn hafi hrasað á leið yfir hægri akreinina en síðan staðið upp og haldið ákveðið áfram en hallandi fram inn á vinstri akreinina í veg fyrir bifreið hans.

Að sögn vitnis, sem ók sömu leið, var vegfarandinn á gangi meðfram vegkantinum við hægri akrein og hafi hann farið hratt út á götuna um leið og vitnið ók framhjá honum, hrasað en náð undir sig fótunum en hrasað aftur og dottið í veg fyrir Nissan bifreiðina.

Nokkur vitni, sem komu auga á vegfarandann þegar hann var á leið meðfram Breiðholtsbraut í vesturátt, höfðu haft samband við lögreglu fyrir slysið þar sem þau töldu viðkomandi ekki vera í líkamlegu ástandi til þess að vera þarna á ferð meðfram akbraut með háum leyfilegum hámarkshraða og mikilli umferð. Vegfarandinn hafi verið reikull í spori og nokkrum sinnum verið nálægt því að detta inn á Breiðholtsbrautina þegar hann gekk meðfram henni.

2.2 Ökutækið

Ekkert í niðurstöðu skoðunar, sem framkvæmd var á skoðunarstöð eftir slysið, benti til þess að rekja mætti orsakir slyssins til ástands bifreiðarinnar. Engar ákomur á bifreiðinni var hægt að rekja til slyssins.

Ökumaður kvaðst hafa ekið á 60 til 70 km/klst hraða áður en hann varð var við vegfarandann. Þegar slysið varð hafi hann verið á um 30 km/klst hraða.

Að sögn vitna sem óku í sömu átt á sama tíma var hraðinn á umferðinni skömmu fyrir slysið um 60 til 80 km/klst. Var það í samræmi við frásögn ökumanns Nissan bifreiðarinnar. Engin ummerki um hemlun Nissan bifreiðarinnar sáust á slysstað og ekki var mögulegt að lesa hraða eða hraðabreytingar úr hugbúnaði bifreiðarinnar.

2.1 Vegur og umhverfi

Reykjanesbraut á slysstað er hluti af þjóðvegi í þéttbýli. Samkvæmt talningum var árdagsumferð (ÁDU) við slysstað 70.000 bílar á sólarhring árið 2024. Umferð var því mikil um þennan vegarkafla.

Engar gönguleiðir eru yfir Reykjanesbraut á þessum stað og ekki er gert ráð fyrir gangandi umferð í þessu umhverfi. Á leið vegfarandans frá Breiðholtsbraut að Reykjanesbraut lá leið hans yfir afrein til norðurs frá brúnni við gatnamótin en meðfram afreininni er 0,8 metra hátt vegrið sem hann hefur þurft að fara yfir. Þá tekur við grasi gróið svæði sem hefst með halla niður brekku og síðan um 8 metra breitt flatlandi að akbrautum Reykjanesbrautar (mynd 3). Eftir miðju vegarins, á milli akbrauta var umferðareyja með samskonar vegriði.



Mynd 3. Horft til suðurs yfir slysstað.

3. Niðurstöður

3.1 Meginorsök slyssins

Gangandi vegfarandi féll í veg fyrir bifreið.

Ökumaðurinn veitti vegfarandanum athygli skömmu fyrir slysið en kvaðst ekki hafa getað varnað slysinu þrátt fyrir að hafa dregið mikið úr hraða, þar sem vegfarandinn hafi skyndilega hlaupið út á Reykjanesbrautina og fallið í veg fyrir bifreið hans.

3.2 Aðrar orsakir slyssins

Þverun akbrauta án gönguleiðar.

Gangandi vegfarandinn nýtti ekki nálægar gönguleiðir sem voru til staðar heldur reyndi að þvera akbrautir þar sem ekki er gert ráð fyrir þverun gangandi vegfarenda. Leyfilegur hámarkshraði er 80 km/klst og mikil umferð er um Reykjanesbraut á þessum stað.

Gangandi vegfarandinn var ofurölvi.

Við rannsókn málsins kom í ljós að mikið magn áfengis var í blóði gangandi vegfarandans.



Skýrsluna samþykktu til útgáfu:

Guðmundur Freyr Úlfarsson
Geirprúður Alfreðsdóttir
Guðrún Nína Petersen
Áslaug Árnadóttir
Guðrún María Svavarsdóttir

Reykjavík, 21. október 2025

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Helgi Kristjánsson

Stjórnandi rannsóknarinnar

Helgi Þ. Kristjánsson